

Nd.

253. Frumvarp til laga

[3. mál]

um viðbótarríkisábyrgð vegna Landsvirkjunar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til Þórisvatnsmiðlunar og undirbúnings virkjana í Tungnaá umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59, 1965 og breytingu á sömu lögum 7. maí 1969, um 704 Mkr. (8 millj. dollara) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í annarri erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar skv. 1. málsg. Lánið endurlánar hún Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum, sem hún ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.